

L Ö G

um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Hún er háskóla-stofnun með sérstakri stjórn og sjálfstæðum fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra, en undir ríkisstjórnina um varðveislu og umsjón með handritum þeim og skjalagögnum, sem til Íslands verða flutt frá Danmörku, sbr. 2. gr.

2. gr.

Stofnunin varðveitir handrit þau og skjalagögn, sem ríkisstjórn Íslands hefur veitt og veitir viðtöku samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í Danmörku í vörzlu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971.

Enn fremur varðveitir stofnunin önnur handrit og gögn, sem hún á og kann að eignast eða henni verða falin til varðveislu.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta gerir stofnunin með öflun og varðveislu gagna um þessi efni, sbr. 2. gr., rannsóknnum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita, hljóðritun þjóðfræðaefnis og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annast sérstakur forstöðumaður. Hann annast og fræðilega stjórn stofnunarinnar ásamt öðrum starfsmönnum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Forstöðumaður skal jafnframt vera prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu og leiðbeina þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um veiting starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti.

Við stofnunina starfar stjórnarnefnd þannig skipuð: Forstöðumaður stofnunarinnar, rektor Háskóla Íslands, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar, og einn skipaður af menntamálaráðherra, án tilnefningar, til sex ára í senn. Nefndarstörf eru ólaunuð.

5. gr.

Við stofnunina starfa sérfræðingar, sem hafa þar fullt og fast starf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess starfa við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir eru til náms og starfa takmarkaðan tíma í senn. Heimilt er að ráða annað nauðsynlegt starfslíð.

6. gr.

Heimilt er með reglugerð að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar skal vera sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim.

7. gr.

Háskólaráð kýs stofnuninni tvo tilsjónarmenn (ephori) til fjögurra ára í senn, og skulu þeir lita eftir því, að stofnunin starfi í samræmi við stofnskrá dánargjafar Árna Magnússonar frá 18. janúar 1760.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, þ. á m. um réttindi og skyldur starfsmanna í því efni.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 27 frá 2. maí 1969, um Handritastofnun Íslands, en Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tekur við öllum eignum og skuldum Handritastofnunar Íslands.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febr. 1969.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 40 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 73 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Eysteinn Jónsson.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.